

AUGLÝSING

um greiðslu ríkisframlaga til skólabygginga.

Menntamálaráðuneytið vekur hér með athygli á ákvæðum reglugerðar frá 8. maí 1964, um greiðslu ríkisframlaga til skólabygginga. Samkvæmt reglugerðinni er óheimilt á árinu 1964 að hefja byggingarframkvæmdir við skólabyggingar, sem heyra undir ráðuneytið, nema fjárveitingar í fjárlögum nemi samtals 20% af áætl-uðu framlagi ríkissjóðs, miðað við verðlag í febrúar þess árs, — og ráðuneytið hafi enn fremur staðfest teikningar og kostnaðaráætlanir mannvirkjanna með venjulegum hætti.

Umsóknir um endurskoðun á kostnaðaráætlunum, sbr. 5. gr. reglug., svo og umsóknir um heimild til að byggingarframkvæmdir falli undir 6. gr. reglug., skulu hafa borizt ráðuneytinu fyrir 15. júní n. k.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skyldusparnað, nr. 116 10. sept. 1959.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 11. gr., fyrst í stað í Landsbanka Íslands (Seðlabankanum), en jafnskjótt og henni berast sparimerkjabréf, sbr. 7. gr., skiptir hun fénu eftir því hvar sparimerkja-eigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru í kaupstöðum og kaupúnum, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingasjóðs ríkisins, en þeirra, sem búsettir eru í sveitum í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Sérhver Sparifjáreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda eftir því hvar hann er búsettur.

3. gr.

13. gr. 4. og 5. málsg. reglugerðarinnar orðist svo:

Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismála-stjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir $\frac{2}{3}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn

Því siklyrði, að sparifjársofnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti kr. 50.000.00.

Þeir, sem lagt hafa fé í Stofnlánadeild landbúnaðarinnar og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr Stofnlánadeildinni, enda verði þau lán veitt með sams konar vísitölutryggingu og hin vísitölubundnu lán húsnæðismálastjórnar.

4. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhverjum er heimilt að leggja til hliðar með sparimerkjakaupum hærri hluta launa sinna en 15%, byrja slíkan sparnað yngri en 16 ára og halda áfram eftir 26 ára aldur.

Hver sá, sem notar heimild þessa, skal njóta sömu réttinda og heimiluð eru samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 18 23. maí 1964 um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

H A F N A R R E G L U G E R ð

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásunum á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram firðinum.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.